

Föstudaginn 18. júní 1982.

Nr. 161/1981. **Sveinn Hallur Másson og
Hagtrygging h/f**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Pálma Haraldssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 31. júlí 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður verði látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Enginn ágreiningur er um fjárhæðir í máli þessu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda óskipt 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Sveinn Hallur Másson og Hagtrygging h/f, greiði stefnda, Pálma Haraldssyni, óskipt 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. febrúar sl., höfðaði Pálmi

Haraldsson, Sæviðarsundi 86, Reykjavík, gegn Sveini Halli Másyni, Kirkjustíg 3, Grindavík, og Hagtryggingu h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, með stefnu, birtri 28. október 1980.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 5.990.00 með 35% ársvöxtum frá 5. júlí 1980 til 30. október s. á., en með hæstu innlánsvöxtum lánastofnana, dómvöxtum, frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað að mati dómsins. Til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, m. a. á grundvelli ábyrgðarskiptingar, og málskostnaður felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar með aðiljum, en án árangurs.

MÁLAVEXTIR.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 5. júlí 1980 varð árekstur á milli bifreiðarinnar Ö 4667, sem er Toyota fólksbifreið, eign stefnda Sveins Halls, og bifreiðarinnar R 42736, sem er Ford Cortina fólksbifreið, eign stefnanda, og var hann ökumaður hennar í þetta skipti. Ökumaður bifreiðarinnar Ö 4667 var Ingibjörg Þórarinsdóttir, Kirkjustíg 3 í Grindavík, eiginkona stefnda Sveins Halls. Bifreið stefnda var ábyrgðartryggð hjá meðstefnda, Hagtryggingu h/f.

Áreksturinn varð á götunni Elliðavogi, skammt austan við Sætún. Rökkvað var, skýjað og úrkoma.

Stefnandi kom fyrir dóminn 2. febrúar sl. og gaf skýrslu. Hann gaf skýrslu fyrir lögreglunni í Reykjavík, þegar slysið varð, svo og 24. júlí 1980.

Báðum bifreiðunum var ekið eftir Elliðavogi frá austri til vesturs. Stefnandi kvaðst hafa verið að koma heiman að frá sér að Sæviðarsundi 86 og hefði hann ekið eftir Elliðavoginum og ætlað áfram Sætún og niður á Skúlagötu 70, en þangað hafi ferðinni verið heitið. Stefnandi kvaðst alltaf hafa ekið á hægri akrein Elliðavogsins og þegar áreksturinn varð, hafi hann verið á miðri akreininni og ekið á u. þ. b. 60 km hraða á klst. með ökuljósín tendruð. Þegar bifreið stefnanda var 20—30 metra frá merktum árekstursstað á vettvangsupprætti lögreglu, kvaðst stefnandi hafa tekið eftir tveim bifreiðum. Fremri bifreiðin hafi ætlað að beygja til vinstri, annað hvort inn í húsagötuna við

Kleppsveg eða inn á Laugarnesveg og hafi ökumaðurinn verið búinn að gefa stefnumerki um það. Ökumaður síðari bifreiðarinnar, sem verið hafi bifreið stefnda Sveins, hafi verið búinn að gefa stefnumerki til vinstri, en þegar u. þ. b. 10 metrar hafi verið á milli hennar og bifreiðar stefnanda, hafi hún beygt skyndilega til hægri í veg fyrir bifreið stefnanda. Öruggt sé, að ökumaðurinn hafi ekki gefið stefnumerki um, að hann ætlaði að beygja til hægri. Stefnandi kvað sér fyrst hafa dottið í hug að aka til hægri út af götunni, en hætt við það vegna aðstæðna og ákveðið að hemla þess í stað. Stefnandi kvaðst hafa séð, að glerbrot úr bifreiðunum hafi dreifst nokkuð jafnt yfir báðar akreinar götunnar og út fyrir þær beggja vegna. Þau hafi því ekki verið einungis, þar sem glerbrot eru merkt á vettvangs-uppdraetti lögreglu.

Stefnandi kvaðst sjálfur hafa unnið að viðgerð bifreiðar sinnar og hafi hún verið inni í bílskúr í 2 mánuði á sínum vegum. Að auki hafi bifreiðin verið á verkstæði í Kópavogi í tvær vikur samfleytt og hafi viðgerðamaðurinn unnið við hana í 3—4 skipti, samtals í 46 klst. Viðgerðinni á verkstæðinu hafi eitthvað seinkað, vegna þess að hann hafi ekki átt fé í nokkra daga til þess að kaupa bretti á bifreiðina. Þá hafi bifreiðin verið á verkstæði í Brautarholti í 4 daga, þar sem hún hafi verið sprautuð, en það hafi verið einum degi lengur en nauðsyn bar til.

Stefnandi kvaðst hafa verið sölumaður á þessum tíma og notað bifreið sína í söluförum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Á söluförum um landið hafi hann tekið bifreiðar á leigu. Stefnandi kvaðst tæplega hafa nokkuð hagnast á því að leggja til bifreið sína við atvinnuna. Stefnandi kvaðst og hafa notað bifreiðina til persónulegra þarfa. Stefnandi kvað nýjan höggvara á bifreiðina hafa kostað gkr. 80.000 í bifreiðaumboðinu.

Ingibjörg Þórarinsdóttir kom fyrir dóminn 16. febrúar sl. og skýrði svo frá, að hún hefði verið að koma frá Þingvöllum, er áreksturinn varð, og með sér í bifreiðinni hefði verið 12 ára stúlka og 1 árs drengur. Hún hefði ætlað að fara inn á Laugarásveg og haft í hyggju að beygja til vinstri inn á Laugarnesveg og hafi því skyni, en minntist þess ekki að hafa gefið stefnuljós til vinstri. Ekki ýkja langt á undan sér, eða um 10 metra, hafi verið bifreið, sem ætlað hafi að beygja inn í húsagötuna við Kleppsveg. Ingibjörg sagðist hafa hætt við að beygja inn á Laugarnesveg og ákveðið að halda áfram vestur Sætún og því hafi hún ætlað að beygja yfir á hægri akrein Elliðavogs, en ekki gefið

stefnuljós um þá beygju. Ingibjörg sagðist hafa litið í baksýnis-
 spegil bifreiðarinnar til þess að aðgæta, hvort hún sæi einhverj-
 ar bifreiðar á eftir sér, en hún hafi enga séð. Hún hefði ekið
 á u. þ. b. 20—30 km hraða. Hún hefði hreinsað rúður bifreiðar
 sinnar rétt áður við bensínsöluna Nesti. Ingibjörg kvaðst vera
 sannfærð um, að hún hafi aðeins verið komin að miðlínu Elliða-
 vogs, en ekki yfir á hægri akrein götunnar, þegar áreksturinn
 varð, og taldi, að bifreið sín hefði verið samsíða miðlínunni. Hún
 kvaðst halda, að hún hefði ekki stöðvað bifreið sína fyrir en á
 þeim stað, þar sem hún er sýnd á vettvangsuppdrætti lögreglu.
 Hún hefði gengið til baka að árekstursstaðnum og séð, að gler-
 brot voru á götunni, þar sem þau eru sýnd vera á vettvangs-
 uppdrætti lögreglu, og sömuleiðis uppi á eyju við Kleppsveg-
 inn. Hún kvaðst hafa litið yfir á hægri akrein Elliðavogs, en
 ekki séð glerbrot þar, en kvaðst ekki hafa skoðað það sérstak-
 lega.

Í skýrslu lögreglunnar í Reykjavík um áreksturinn er eftir-
 farandi haft eftir Ingibjörgu:

„Ökumaður Ö-4667 kvaðst hafa ekið vestur Elliðavog, fyrst
 á hægri akrein og síðan á vinstri akrein með fyrirhugaða aksturs-
 stefnu suður Laugarnesveg. Hann kvaðst hafa ekið næst á eftir
 annarri bifreið, sem síðan var beygt til vinstri að húsagötu við
 Kleppsveg rétt austan gatnamóta Laugarnesvegur. Þegar öku-
 maður þeirrar bifreiðar hefði dregið úr hraða, kvaðst hann hafa
 sveigt yfir á hægri akrein og ákveðið að fara heldur vestur Sæ-
 tún. Áður en hann sveigði yfir á hægri akrein, kvaðst hann hafa
 litið í baksýnisspegil og ekki séð neina bifreið koma á eftir og
 því ekki vitað um R-42736, fyrir en árekstur varð.“

Ingibjörg gaf skýrslu fyrir lögreglunni 25. júlí sl., og er þar
 m. a. eftirfarandi haft eftir henni:

„Varðandi skýrslu lögreglunnar vil ég segja það, að ég var
 mjög miður mín eftir áreksturinn, og þegar lögreglan fór að
 spyrja mig, svaraði ég með jái eða nei. Ég vil því ekki segja
 beint, að rangt sé eftir mér haft í skýrslu lögreglunnar, en fram-
 burður minn þar gefur ekki rétta mynd af því, sem gerðist. . . .
 Ég var komin að miðlínu götunnar, þegar áreksturinn varð, en
 eftir áreksturinn fór ég yfir á hægri akreinina og stöðvaði bif-
 reiðina á henni. . . . Mætta er ítrekað spurð um, hvar árekstur-
 inn hafi orðið á götunni, og í því sambandi bent á fyrri fram-
 burð varðandi það atriði. Áminnt um sannsögli kveðst hún ákveð-
 in í að halda sig við það, að hún hafi ekki verið komin yfir ak-

reinalínuna, þegar áreksturinn varð. Mætta segir, að hún hafi jú sagt lögreglunni, að hún hafi beygt yfir á hægri akrein, en hafi þeir skilið það þannig, að það hafi verið fyrir áreksturinn, hafi þeir misskilið sig.

Varðandi glerbrotin á götunni segir mætta, að þau hafi verið á vinstri akreininni og hvergi annars staðar nema smávegis á umferðareyjunni. Mætta segist muna vel eftir því að hafa gengið með lögreglumönnum og hinum ökumanninum og skoðað glerbrotin á götunni. Annar lögreglumaðurinn hafi þá sagt, að greinilegt væri, að þarna væri árekstursstaðurinn. Mætta segist hafa skilið það þannig, að greinilegt væri, að áreksturinn hefði orðið á vinstri akrein, enda hefðu glerbrotin verið þar.“

Stefnandi taldi í bæði skiptin, sem hann gaf skýrslu fyrir lögreglu, þ. e. þegar áreksturinn varð svo og 24. júlí sl., að bifreiðin Ö 4667 hefði að mestu leyti verið komin yfir miðlínu götunnar og í veg fyrir sig, en um það bil 10 metrar hefðu þá verið á milli bifreiðanna, en hann hefði ekið eftir hægri akreininni.

Lögð hefur verið fram í málinu ódagsett framhaldsskýrsla lögreglunnar í Reykjavík um árekstur þennan, undirrituð af Guðmundi M. Guðmundssyni rannsóknarlögreglumanni. Skýrslan er svohljóðandi:

„Vegna uppdráttar, sem undirritaður gerði af vettvangi, þar sem árekstur hafði orðið með bifreiðunum R-42736 og Ö-4667 (lögregluskýrsla S-1484/80) þann 5. 7. 1980, vil ég taka fram:

Þar sem bifreiðunum hafði verið ekið nokkurn spöl eftir óhappið, inntum við ökumennina eftir því, hvar áreksturinn hefði átt sér stað. Kváðu þeir báðir, að árekstursstaðurinn væri nokkru austar en bifreiðarnar voru stöðvaðar. Gengum við síðan með ökumönnum aftur fyrir bifreiðarnar að þeim stað, þar sem glerbrot voru á götunni. Töldu báðir ökumennirnir, að þar hefði áreksturinn orðið.

Í skýringum við vettvangsuppdráttinn stendur C-sagður árekstursstaður. Með því vildi undirritaður, að fram kæmi það, að ökumennirnir hefðu verið sammála um, að árekstursstaðurinn hefði verið um það bil 60 metrum fyrir aftan þann stað, sem R-42736 var stöðvuð eftir óhappið. Ekki var ætlast til með þessari skýringu, að C væri nákvæmur staður, þ. e. a. s. hvar á götunni bifreiðarnar voru staðsettar, þegar áreksturinn varð.

Í skýrslu um atburðinn, sem gerð er af Berki Skúlasyni, rannsóknarlögreglumanni, er haft eftir ökumanni Ö-4667, að hann hefði sveigt af vinstri akrein Elliðavogs yfir á þá hægri, en öku-

maður R-42736 kveðst hafa ekið eftir hægri akreininni. Ætla má, að óhappið hafi átt sér stað, þegar Ö-4667 var færð á milli akreina, en hvorugur ökumanna tjáir sig um nákvæma staðsetningu bifreiðanna, segir sig sjálft, að undirritaður getur ekki gert það að öðru leyti en að staðsetja glerbrotin á götunni og benda á, að báðir ökumennirnir voru sammála um það, að þar hefði óhappið átt sér stað, án þess að um nákvæma staðsetningu væri að ræða.“

Um skemmdir á bifreiðunum segir svo í skýrslu lögreglunnar: „Sjáanlegar skemmdir voru: Ö-4667 hægra afturaurbretti dældað og gengið fram, afturhöggvari, svunta og ljósker hægra megin að aftan brotið. R-42736 vinstra framaurbretti dældað, framhöggvari og aðalljósker brotið.“

Um kröfugerð stefnanda og sundurliðun á kröfum segir eftirfarandi í greinargerð hans.

„Fyrir liggur mat á viðgerðarkostnaði, sem framkvæmt var á vegum Hagtryggingar h.f., þ. e. skemmdalýsing og áætlun um viðgerðarkostnað, sem starfsmaður félagsins framkvæmdi. Byggir stefnandi kröfu sína um greiðslu á viðgerðarkostnaði á þessari skoðunargerð, enda þótt hann telji viðgerðarkostnaðinn um sumt vanreiknaðan.

Samkvæmt tjónsáætlun þessari er gert ráð fyrir 25 klst. viðgerðartíma, kr. 150.000,00, kostnaði við málun kr. 80.000,00, og kostnaði við öflun varahluta kr. 189.000,00. Í upptalningu varahluta vantar verð á stuðara, en þann lið reiknar stefnandi kr. 80.000,00, og hækkar varahlutaliðurinn um þá fjárhæð og verður kr. 269.000,00. Samtals nemur þá viðgerðarkostnaðurinn kr. 499.000,00.

Ljóst er, að stefnandi varð fyrir verulegu og tilfinnanlegu tjóni vegna afnotamissis. Þann lið reiknar stefnandi kr. 100.000,00.“

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því staðfastlega haldið fram, að hann hafi ekið bifreið sinni eftir hægri akrein Elliðavogs, enda hafi ekkert komið fram í gögnum málsins, sem bendi til annars. Ökumaður bifreiðarinnar Ö 4667 hafi þvert á móti borið fyrir dómnum, að hann hafi litið í baksýnisspegil bifreiðar sinnar, áður en hann sveigði yfir á hægri akrein Elliðavogs, og enga umferð

séð á eftir sér, sem mundi hafa verið óhjákvæmilegt, hefði stefnandi ekið eftir vinstri akreininni.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ökumaður bifreiðarinnar Ö 4667 beri alla sök á árekstrinum og hún sé í því fólgin, að hann hafi beygt af vinstri akrein Elliðavogs yfir á þá hægri án þess að aðgæta nokkuð umferð eftir þeirri akrein og þar með ekið í veg fyrir stefnanda. Ökumaðurinn hafi nýlega verið búinn að gefa stefnuljós um, að hann ætlaði að beygja til vinstri, og ekki gefið stefnuljós um, að hann ætlaði þess í stað að beygja til hægri yfir á hægri akreinina. Telja verði þetta aksturslag sérlega gálaust og vítavert. Útilokað hafi verið fyrir stefnanda að forða árekstrinum (sic).

Ökumaður bifreiðarinnar Ö 4667 hafi í frumskýrslu sinni fyrir lögreglu lýst því, að hann hafi beygt yfir á hægri akrein, en þá hafi lögreglan að sjálfsögðu verið að spyrja um, hvernig áreksturinn hafi atvikast, en ekki, hvað ökumaðurinn hafi haft í hyggju, áður en áreksturinn varð. Í síðari skýrslu ökumannsins fyrir lögreglu telji hann ekki beinlínis rangt eftir sér haft og ekki sé hægt að byggja neitt á þeim lagfæringum, sem ökumaðurinn reyni að gera á framburði sínum eins og hann sé í frumskýrslunni. Þá verði og að líta til þess, að ökumaðurinn geti vart talist dómbær um það, hvar bifreið hans hafi nákvæmlega verið staðsett, þegar áreksturinn varð, enda hafi hann ekið viðstöðulaust af árekstursstaðnum. Hitt sé aftur upplýst, að ökumaðurinn hafi verið að skipta um akrein, þegar áreksturinn varð. Þannig verði að telja tvímælaust, að áreksturinn hafi orðið á hægri akrein götunnar.

Í þessu sambandi skipti ekki máli, þótt á vettvangsupprætti lögreglunnar séu glerbrot sýnd á vinstri akrein, enda sé þeim ekki ætlað samkvæmt viðbótarskýrslu lögreglunnar að sýna, hvar áreksturinn hafi orðið, heldur einungis hversu langt var frá bifreiðunum, þar sem þær námu staðar eftir áreksturinn, að árekstursstaðnum.

Þótt hraði stefnanda hafi verið lítilllega yfir hámarkshraða á götunni, þá dragi það ekki úr sök ökumanns bifreiðarinnar Ö 4667. Þótt hjólbarðar bifreiðar stefnanda séu sagðir slitnir, þá þýði það engan veginn, að þeir hafi verið ónothæfir.

Stefnandi byggi fjárkröfur sínar að mestu leyti á mati stefnda Hagtryggingar h/f á viðgerðarkostnaði á skemmdunum. Verð á framhögvara bifreiðarinnar hafi ekki verið kunnugt, þegar

matið fór fram, en síðar hafi komið í ljós, að höggvarinn hafi kostað gkr. 80.000.

Stefnandi hafi orðið fyrir verulegum afnotamissi á viðgerðar-tímanum og sé tjón hans af þeim sökum ekki ofreiknað.

Stefndu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ekkert hafi verið at-hugavert við akstur ökumanns Ö 4667. Hann hafi ekið á hægri ferð og haft í hyggju að beygja yfir á hægri akrein Elliðavogs. Áður en af því hafi orðið, hafi stefnandi ekið bifreið sinni aftan á bifreiðina Ö 4667. Á því verði að byggja, að stefnandi hafi ekið eftir vinstri akrein Elliðavogs, a. m. k. að hluta til, annað sé ósannað. Því hafi hér verið um að ræða venjulega aftaná-keyrslu, sem stefnandi beri alla ábyrgð á. Einu merkin um árekstursstaðinn, sem sést hafi á vettvangi, hafi verið glerbrot og hafi þau öll verið á vinstri akrein götunnar. Annað framljós-ker bifreiðar stefnanda og annað afturljósker bifreiðarinnar Ö 4667 hafi brotnað og sé þar ekki um svo mikið magn af gleri að ræða, að það hafi getað dreifst víða, eins og stefnandi vilji vera láta. Skýrslu lögreglu um áreksturinn sé ekki hægt að skilja á annan veg en þann, að árekstursstaðurinn hafi verið, þar sem glerbrotin séu merkt á vettvangsupprætti. Stefnandi hafi verið á miklum hraða, hjólbarðar bifreiðar hans slitnir og vel geti verið, að bifreið hans hafi runnið til vinstri. Ekki sé að finna neitt ósamræmi í skýrslum ökumanns Ö 4667 fyrir lögreglu og engin ástæða til þess að tortryggja frásögn hans.

Ef ekki verði fallist á, að stefnandi beri alla sök á árekstrinum, eigi að skipta sök á milli ökumannanna.

Varðandi kröfur stefnanda sé óeðlilegt að reisa þær á mati í stað þess að leggja til grundvallar eiginlegan viðgerðarkostnað. Verði á framhöggsvara bifreiðarinnar sé mótmælt sem of háu svo og kröfu um bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar, sem sé alltof há.

FORSENDUR OG NIÐURSTAÐA.

Árekstur sá, sem um er deilt í máli þessu, varð á götunni Elliðavogi u. þ. b. 30 metrum austan við mót hennar og gatnanna Sætúns og Laugarnesvegar. Árekstursstaðurinn er og nokkrum metrum austan við innkeyrslu frá Elliðavogi inn á Kleppsveg og húsagötu, er liggur samsíða Kleppsvegi. Um þetta er ekki deilt

í málinu, heldur hitt, á hvorri akrein götunnar, sem er með einstefnu í vesturátt, áreksturinn varð.

Báðum bifreiðunum var ekið eftir Elliðavogi frá austri til vesturs, eins og akstursstefna á götunni gerir ráð fyrir. Bifreiðinni Ö 4667 var ekið eftir vinstri akrein götunnar. Stefnandi heldur því staðfastlega fram, að hann hafi ekið eftir hægri akrein götunnar, en það er dregið í efa af stefndu og því haldið fram, að bifreið stefnanda hafi, þá er áreksturinn varð, verið á vinstri akrein götunnar, a. m. k. að hluta til. Til stuðnings þessari staðhæfingu benda stefndu á, að glerbrot úr bifreiðunum séu á vettvangsupprætti lögreglu sýnd vera á vinstri akrein götunnar og beri það ótvírætt vott um, að þar hafi áreksturinn orðið.

Samkvæmt því, sem fram kemur í framhaldsskýrslu lögreglunnar í Reykjavík um áreksturinn, þykir ekki unnt að byggja á því, þegar önnur atvik málsins eru höfð í huga, að árekstursstaðurinn hafi verið nákvæmlega, þar sem glerbrot eru merkt á upprættinum. Má og í þessu sambandi líta til framburðar ökumanna um þetta atriði, en ökumaður Ö 4667 segist einnig hafa séð glerbrot uppi á umferðareyjunni á milli Elliðavogs og Kleppsvegar, og stefnandi segist hafa séð glerbrot á hægri akrein götunnar uppi á gangstétt hægra megin hennar.

Upplýst er, að ökumaður bifreiðarinnar Ö 4667 ætlaði að beygja yfir á hægri akrein Elliðavogs og aka áfram vestur Sættún. Í framskýrslu fyrir lögreglu er haft eftir ökumanni Ö 4667, að hann hafi beygt yfir á hægri akreinina, en í síðari skýrslu sinni fyrir lögreglu kvaðst ökumaðurinn ekki hafa verið kominn yfir á þá akrein, þegar áreksturinn varð. Ökumaðurinn kvaðst ekki hafa gefið stefnubreytinguna til hægri til kynna með stefnumerki. Hann sagðist enn fremur hafa litið í bak-sýnispegil bifreiðar sinnar, áður en hann beygði, og enga umferð séð koma á eftir sér. Verður staðhæfing stefndu um, að bifreið stefnanda hafi verið ekið a. m. k. að hluta til á vinstri akrein götunnar illa samræmd þessari frásögn ökumannsins, því að hefði svo verið, hefði hann átt að koma auga á bifreið stefnanda. Ökumaður bifreiðarinnar Ö 4667 kvað bifreið sína hafa verið komna upp að miðlínu götunnar og hafa verið samsíða henni, þegar áreksturinn varð. Sé aftur litið til glerbrotanna, sem merkt eru á vettvangsupprætti lögreglu, kemur í ljós, að glerbrotadreifin eru sýnd byrja fyrst í u. þ. b. 1½ meters fjarlægð frá miðlínu, og þykir það fyrir utan frammanefnda fram-

haldsskýrslu lögreglunnar enn frekar benda til þess, að ekki sé hægt að byggja á því, að árekstursstaðurinn hafi verið, þar sem glerbrotin eru merkt á vettvangsuppdrættinum. Í þessu sambandi ber að líta til þess, að hægri afturhorn bifreiðarinnar Ö 4667 og vinstra framhorn bifreiðar stefnanda rekast saman, sem sýnir, að bifreið stefnanda hefur að verulegu leyti verið til hægri við bifreiðina Ö 4667.

Þegar framangreind atvik eru höfð í huga, þykir verða að byggja á því, að áreksturinn hafi orðið með þeim hætti, að öku- maður bifreiðarinnar Ö 4667 hafi beygt yfir á hægri akrein í veg fyrir bifreið stefnanda, og hefur hann með því gerst brot- legur við 4. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 46. gr. svo og 2. mgr. 52. gr. laga nr. 40/1968, þar sem hann gaf ekki merki um breytta akstursstefnu.

Stefnandi kveðst hafa ekið á 60 km hraða, en hámarkshraði á götunni er 50 km. Ekki er leitt í ljós, að annað hafi verið at- hugavert við ökulag hans miðað við aðstæður, og er ekki leitt í ljós, að ökuhraði stefnanda, þ. e. 60 km á klst., hafi að ein- hverju leyti orsakað áreksturinn, og þykja því ekki af þeirri ástæðu efni til að skipta sök í málinu.

Stefnandi byggir kröfur sínar um bætur vegna viðgerðar- kostnaðar, kr. 4.990.00, á mati, sem stefndi Hagtrygging h/f lét gera, að öðru leyti en hvað snertir verð á nýjum höggvara á bif- reiðina, sem hann kveður hafa kostað gkr. 80.000. Stefnandi held- ur því fram, að viðgerðarkostnaðurinn hafi numið hærri upphæð, en ekki hefur hann lagt fram reikninga um hann.

Stefndu hafa ekki hnekkst framangreindu mati, og þykir mega byggja á því. Samkvæmt upplýsingum, sem dómariinn hefur afl- að sér, þykir mega leggja til grundvallar, að verð á nýjum fram- höggvara hafi verið kr. 800.00.

Ljóst er, að stefnandi hefur orðið fyrir nokkrum afnotamissi. Þykja bætur fyrir hann hæfilega metnar kr. 950.00.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda in solidum, þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.150.00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sveinn Hallur Másson og Hagtrygging h/f, greiði in solidum stefnanda, Pálma Haraldssyni, kr. 5.940.00 með 35% ársvöxtum frá 5. júlí 1980 til 30. október s. á., með 46% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með

hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.150.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. júní 1982.

Nr. 5/1980.

Pétur P. Melsteð

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Valgerði Engilbertsdóttur

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Óvígð sambúð. Fjárskipti. Skuldamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1980. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefndu gegn greiðslu á 950.00 krónum, vaxtalaust, og verði málskostnaður í héraði látinn niður falla, en stefnda dæmd til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að tildæmd fjárhæð samkvæmt héraðsdómi verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Til vara krefst hún þess, að áfrýjanda verði gert að greiða sér aðra lægri fjárhæð en greinir í héraðsdómi, og til þrautavara, að áfrýjanda verði gert að greiða sér 950.00 krónur með 1.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 18. október 1973 til 1. ágúst 1974, 2% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. ágúst 1974 til 1. desember 1976, 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. desember 1976 til 1. ágúst 1977, 3% dráttar-